



Ársskýrsla 2020

Golfklúbbur Suðurnesja

Sæl og blessuð öll kærur félagar.

Margt hefur verið öðruvísi á þessu golfári eins og í heiminum öllum og þessi aðalfundur engin breyting á því. En við erum þakklát tækninni að geta haldið fundinn þrátt fyrir að aðstæður séu þannig að við getum ekki hist í persónu eins og okkur langar þó mest. Við erum um 60 félagsmenn GS sem erum að taka þátt í fundinum og verið öll hjartanlega velkomin á aðalfund GS árið 2020 - sem virðist vera sá fjölmennasti miðað við undanfarin ár.

Stjórn og nefndir ásamt starfsfólki nýttu vel fyrstu mánuði ársins til að skipuleggja komandi golfsumar. Stjórnin hélt vinnufund til að leggja drögin bæði fyrir næstu mánuði og byrjaði svo að vinna að framtíðarsýn fyrir GS sem er enn í vinnslu. Verkefni framundan voru listuð upp og svo forgangsraðað. Einhverjum verkefnum náðist að ljúka, önnur eru komin af stað og eitthvað af hugmyndum eru ennþá í vinnslu. Við ákváðum að byrja á að mála og laga til í klúbbhúsinu og fengum við m.a. félagar okkar Hannes Friðriksson og Magdalenu Sírý Þórisdóttur til að hjálpa okkur og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir þeirra hjálp. Markmiðið var að gera klúbbhúsið þannig að félagsmönnum liði vel, kæmu inn og ættu góðar stundir saman.

Segja má að við kylfingar höfum verið heppin með að hafa geta stundað golfið í nánast allt sumar með litlum takmörkunum. Í vor var þó mikil óvissa og við náðum ekki að halda vormót eins og gert hefur verið undanfarin ár, en þegar reglurnar urðu skýrar flykkust kylfingar á völlinn og við náðum góðri nýtingu á flatargjöldum. Sumarið gekk vel í alla staði þó við yrðum að gera breytingar á einhverjum mótum. Það var ekki fyrr en núna á haustmánuðum sem við þurftum að loka vellið og gátum þ.a.l. ekki haldið þau haustmót sem áætluð voru.

Stjórn Golfklúbbs Suðurnesja 2019-2020

Ólöf Sveinsdóttir, formaður

Sveinn Björnsson, varaformaður

Karitas Sigurvinsdóttir, gjaldkeri

Guðni Sigurðsson ritari, fór úr stjórn á vormánuðum vegna persónulegra aðstæðna

John Steven Berry, meðstjórnandi

Sigurður Sigurðsson, meðstjórnandi

Rúnar Óli Einarsson, meðstjórnandi

Gunnar Jóhannsson, meðstjórnandi

Sigríður Erlingsdóttir, meðstjórnandi

Sigríður og Gunnar hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og viljum við þakka þeim fyrir þá vinnu sem þau hafa lagt til fyrir Golfklúbb Suðurnesja. Eins viljum við þakka Guðna fyrir hans störf. Við gerum þó ráð fyrir að við séum ekki að kveðja Gunnar þó hann fari úr stjórn núna enda þarf klúbburinn á honum og hans sérþekkingu í golfvallarfræðum að halda áfram.

Stjórnarfundir og starfið

Alls urðu formlegir stjórnarfundir tólf á tímabilinu. Auk þeirra voru fjölmargir óformlegir fundir og vinnudagar. Stjórnin var mjög virk á þessu tímabili, málaði og lagaði klúbbhúsið ásamt duglegum sjálfboðaliðum. Stjórnin hefur lagt sig fram við að ganga í öll þau verk sem upp hafa komið og reyndu að aðstoða starfsfólk GS eins og hægt var. Ég held þó að það halli ekki á neinn stjórnarmann þó svo ég nefni hér einn sem á alveg sérstakt hrós skilið fyrir ómælda vinnu og óeigingjarnt starf fyrir klúbbinn en það er hann John Steven Berry, formaður mótanefndar og um leið og ég þakka stjórninni fyrir frábært samstarf vil ég færa Johnny sérstakar þakkir fyrir hans störf. Hann gaf óendalegan tíma í að fylgja eftir mjög metnaðarfullri mótaskrá GS og innleiða nýja Golfbox kerfið fyrir mótahaldið. Takk Johnny.

Golfklúbbur Suðurnesja er með framúrskarandi starfsfólk í sínu liði.

Framkvæmdastjórinn Andrea Ásgrímsdóttir, íþróttastjórinn Sigurpáll Geir Sveinsson og umsjónarmaður vallarins Birkir Þór Karlsson hafa öll unnið vel fyrir klúbbinn og sýnt mikinn metnað í að efla veg hans. Þetta fólk gerir okkur hinum kleift að leika og æfa golf við jafn frábærar aðstæður sem Hólmsvöllur er. Bæði völlumurinn og allt starfið hjá okkur var til fyrirmyndar í ár og það ber að þakka. Eins vil ég þakka þeim 23 sumarstarfsmönnum sem voru með okkur í ár.

Fyrir rúmu ári síðan innleiddi klúbburinn greiðslukerfið Nóra og hefur það gefist klúbbnum mjög vel. Félagsmenn greiða þar sín félagsgjöld og geta stýrt sjálfir hvort þeir staðgreiði eða dreifi greiðslum, prentað út kvittanir o.fl. Ekki hefur farið framhjá félagsmönnum að Golfsambandið innleiddi nýja skráningarkerfið Golfbox. Þessar tvær stóru breytingar tóku mikið af tíma framkvæmdastjóra og formanni mótanefndar enda margt að læra og kenna félagsmönnum. Heilt yfir gengu breytingarnar vel fyrir sig og núna munum við uppskera því bæði kerfin spara mikinn tíma í skipulagi og umsýslu á komandi starfsári. Viljum við þakka félagsmönnum fyrir samvinnu og skilning við þessar innleiðingar.

Fjöldi GS félaga árið 2020 var 669 kylfingar sem er fjölgun upp á rúm 11%. Hlutfall karla í klúbbnum er um 75% og konur eru um 25%. Fjölmennasti hópurinn er á aldursbilinu 40-59 ára og svo 25-39 ára.

Völlurinn og öll umgjörðin var til fyrirmyndar í sumar. Félagsmenn voru mjög duglegir að spila völluminn. Bæði stjórn og starfsfólk fann vel hversu allir félagsmenn voru jákvæðir og ánægðir með klúbbinn sinn og fékk starfsfólkið ítrekað hrós fyrir starfið í sumar sem er mjög ánægjulegt og hvetjandi fyrir okkur öll.

Mótamál

Samanlagt voru haldin 28 keppnismót þar sem 2422 kylfingar tóku þátt, þar af 1318 í opnum mótum. Vormótin féllu öll niður vegna Covid-19 og einungis voru tvö haustmót þetta árið af sömu ástæðu.

Stigamót

Haldin voru 12 stigamót þar sem 978 kylfingar tóku þátt. Að meðaltali tóku 80 kylfingar þátt í hverju móti. 275 einstaklingar (kennitölur) tóku þátt í stigamótunum í sumar. Svandís Þorsteinsdóttir stóð uppi sem stigameistari kvenna 2020 og Samúel Óskar Júlíusson Ajayi varð stigameistari karla.

Bikarkeppni

Bikarkeppnin (holukeppni) var haldin eins og venjulega þar sem 66 kylfingar tóku þátt. Það er gaman að segja frá því að í ár var biðlisti í mótið og þurftu nokkrir að spila sig inn. Sigurvegari bikarkeppninnar varð Ólafur Hrólfsson.

Geysismót

Geysismótið (liðakeppni) fór fram í annað sinn og stóð lið HS bræðra uppi sem sigurvegari annað árið í röð eftir úrslitaviðureign við lið Forsetanna.

Meistaramótið

Meistaramót GS var á sínum stað og fór fram í byrjun júlí og tóku 126 kylfingar þátt. Laufey Jóna Jónsdóttir stóð uppi sem GS meistari kvenna og Róbert Smári Jónsson GS meistari karla.

Diamonds Suites - hjóna og parakeppni

Hjóna og parakeppni í samstarfi við Hótel Keflavík var haldið í annað skiptið og tókst með eindæmum vel og var fullt í mótið. Öll umgjörð um mótið tókst vel og Hótel Keflavík frábærir samstarfsaðilar.

Bændaglíman

Bændaglíman var haldin í september og létu þátttakendur ekki slæmt veður stoppa sig og var góð þátttaka.

Snærisleikur á Jónsmessu

Mikil stemning var þegar snærisleikur var haldinn á Jónsmessunni og skemmtu félagsmenn sér vel á golfvöllinum.

GSÍ mót

GS tók að sér að halda stigamót GSÍ í júní þar sem 129 af bestu kylfingum landsins tóku þátt. Einnig sá GS um að halda Íslandsmót unglunga í holukeppni í ágúst þar sem 151 kylfingar tóku þátt. Í báðum þessum mótum sýndu keppendur sín bestu tilþrif og sýndu að framtíð golfíþróttarinnar er björt á Íslandi.

Skýrsla íþróttastarfs Golfklúbbs Suðurnesja fyrir starfsárið 2020

Golfklúbbur Suðurnesja (GS) heldur úti öflugum barna-, unglunga- og afreksstarfi í 11 mánuði á ári. Lökendur stunda æfingar frá byrjun nóvember og fram í lok september ár hvert. Yfir vetrartímamann fara æfingar fram í íþróttakademíunni en yfir sumartímamann í Leirunni.

Lökendur æfa þrisvar sinnum í viku á veturna þar sem aðaláherslan er á að bæta færni í leiknum og gera þá klára fyrir sumarið. Yfir sumartímamann eru æfingar þrisvar sinnum í viku auk NETTÓ mótaraðar barna og unglunga. Aðaláherslan yfir sumartímamann er að viðhalda góðum grunni, bæta leikskilning, leikskipulag, andlega þáttinn og hæfni í að koma betra skori í hús.

Nýliðastarf klúbbsins heldur áfram að vaxa og dafna og hjálpar mikið til við að fjölga meðlimum í klúbbum okkar. Hvorki fleiri né færri en 132 einstaklingar mættu á nýliðanámskeið síðastliðið vor sem var svo fylgt eftir með degi þar sem spilað var Texas scramble á aðalvöllinum og mættu 44 nýliðar á þennan flotta viðburð. Stefnan er að sjálfsögðu að stækka þessa viðburði og jafnvel bæta fleirum við.

Lökendur GS höfðu planað að fara í æfingaferð til Portúgals í mars 2020 en eins og allir vita varð ekkert úr þeirri ferð vegna COVID-19. Í stað þess var ákveðið að fara í

æfingaferð innanlands og urðu Hellishólar í Fljótshlíð fyrir valinu. Þangað fóru 24 iðkendur og foreldrar og áttu saman góða langa helgi og er það alveg ljóst að sambærileg ferð verður farin árið 2021, sérstaklega ef við verðum enn í takmörkunum vegna veirunnar.

Nokkrir iðkendur GS sóttu mótaraðir Golfsambands Íslands, Íslandsbankamótaröðina, Áskorendamótaröðina og stigamótaröð GSÍ fyrir fullorðna. GS á 7 leikmenn á stigalista GSÍ árið 2020 og er það mesti fjöldi í nokkuð mörg ár.

Þessar mótaraðir eru gríðarlega góður vettvangur til þess að þróa sig og bæta sem kyfling og keppa meðal þeirra bestu. Það er okkar von að iðkendum GS muni fjölga á mótaraðunum á næsta ári og að árangurinn verði enn betri en í ár. Hér eru helstu afrek okkar kyflinga á mótaraðum GSÍ árið 2020.

Guðmundur Rúnar Hallgrímsson: 2. sæti í Hvaleyrarbikarnum sem er eitt af stóru mótunum á mótarað GSÍ. 7. sæti á stigalista GSÍ.

Logi Sigurðsson: Sigráði á Reykjavík Junior Open sem er hluti af Íslandsbankamótaröð GSÍ. 2. sæti á stigalista GSÍ 17-18 ára.

Fjóra Margrét Viðarsdóttir: 2. sæti á bæði Íslandsmóti í högggleik og holukeppni 14 ára og yngri. 2. sæti á stigalista GSÍ 14 ára og yngri.

Guðni Vignir Sveinsson. 4. sæti á Íslandsmóti 50+.

Snorri Rafn og Ingi Rafn Davíðssynir náðu báðir 3. sæti á Áskorendamótaröð GSÍ.

Klúbburinn sendi sveitir í Íslandsmót félagsliða unglinga, karla, kvenna og öldunga. Allar sveitir stóðu sig með þrýði og voru klúbbnum til sóma á allan hátt. Hér á eftir kemur svo árangur hverrar sveitar fyrir sig.

Karlasveit GS endaði í 7. sæti í 1. deild og heldur sæti sínu í deildinni.

Kvennasveit GS spilaði í efstu deild og endaði í 5. sæti sem er frábær árangur.

Öldungasveit karla spilaði í efstu deild og endaði í 7. sæti og hélt sæti sínu í deildinni.

Öldungasveit kvenna spilaði í 2. deild og enduðu þær í 5. sæti og halda sæti sínu í þeirri deild.

Unglingasveit drengja undir 18 ára endaði í 9. sæti af 15 sveitum sem er viðunandi árangur þó þeir hafi verið með eindæmum óheppnir í högggleiknum. Sveitin var 1 höggi frá því að geta barist um efstu 8 sætin.

Barnasveit GS undir 12 ára rétt missti af þriðja Íslandsmeistaratitlinum í röð og endaði í 3. sæti.

Það má segja að íþróttastarfið árið 2020 hafi gengið vel þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu en sem betur fer voru litlar takmarkanir í golfinu í sumar. Iðkendur voru duglegir að sækja æfingar í öllum veðrum. Það er markmið okkar að fjölga iðkendum ár frá ári því það er ljóst að með því að fjölga iðkendum í yngstu aldurshópunum erum við með því að búa til fullborgandi meðlimi framtíðarinnar sem munu svo

vonandi koma aftur í sinn heimaklúbb með maka sína og börn í starfið. Mig langar að þakka fyrir gott samstarf við aðra starfsmenn klúbbsins, afreksnefnd, nýliðanefnd, mótanefnd og stjórn GS. Árið 2021 verður enn betra ef allir Leggjast á eitt og vinna á sömu línu varðandi fjölgun meðlima og afreksstarfið.

Undir þetta ritar íþróttastjóri GS, Sigurpáll Sveinsson.

Kylfingar ársins eru frábærir afrekskylfingar:

Guðmundur Rúnar Hallgrímsson og Fjóra Margrét Viðarsdóttir.

Félagsstarf

Eitt af markmiðum ársins var að efla félagsandann og hlúa vel að nýliðum. Haldnir voru nokkrir viðburðir sem voru vel sóttir.

Í byrjun árs var haldið opunarhóf þar sem í boði voru léttar veitingar og fengu félagsmenn kynningu á sumarstarfinu o.fl. Sama kvöld voru undirritaðir afreksamningar við fjóra kylfinga.

Verkefnið *Braut í fóstri* fór af stað og tóku þó nokkrir þátt. Markmið næsta árs er að efla það verkefni enn frekar og fá fleiri þátttakendur.

Sú breyting var gerð á Geysisdeildinni að allir leikir fóru fram sama dag og myndaðist góð stemning í klúbbhúsinu eftir leikina.

Glæsilegt lokahóf var haldið eftir meistaramótið og var hófið fjölmennt og skemmtilegt.

Hrútakeppnin svokallaða var á sínum stað en karlar frá GS og GSE hafa hist árlega og keppt heima og að heiman.

Gerð var sú nýbreytni að halda viðburð fyrir aldurshópinn 17 - 25 ára, texas scramble mót. Vel var tekið í það og gaman að sjá hversu margir vanir og óvanir skráðu sig til leiks og mættu í Leiruna.

Í byrjun árs var stofnuð ný nefnd, nýliðanefnd sem tók að sér að halda utan um viðburði tengda nýliðum. Frábær nýliðadagur var haldinn og fylltist völlurinn af bæði nýliðum og eldri félagsmönnum. Þeir sem reyndari voru aðstoðuðu hina og allir skemmtu sér vel.

Lokahóf klúbbsins var haldið í september í kjölfarið á Bændaglímunni. Þrátt fyrir Covid-19 takmarkanir áttu félagsmenn notalegt kvöld í Leirukaffi. Sigurvegarar helstu móta sumarsins voru krýndir og sjálfboðaliði ársins, Valdimar Birgisson heiðraður.

Ný heimasíða leit dagsins ljós á haustmánuðum þar sem haldið verður utan um allt það sem viðkemur klúbbum. Það er von okkar að síðan muni svara mörgum af þeim spurningum sem félagsmenn hafa varðandi það sem er í gangi hverju sinni.

Kvennastarf

Kvennanefndina 2020 skipuðu: Karitas Sigurvinsdóttir, Þuríður Magnúsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Björk Þorsteinsdóttir, Sara Guðmundsdóttir, Halldóra Magnúsdóttir og Brynja Aðalbergdóttir.

Kvennastarfið var í miklum blóma í ár og mætingarmet slegin hvað eftir annað, rúmlega 60 konur mættu þegar mest var. Konur hittust eins og undanfarin ár á mánudögum og hófst starfið um miðjan maí og stóð til loka ágúst. Haldin voru alls konar golfmót og staðið fyrir ýmsum uppakomum. Einnig var íþróttastjóri klúbbsins fenginn til að vera með fyrirlestur og golfkennslu. Setbergskonur komu í heimsókn og GS konur heimsóttu þær, mjög skemmtileg hefð er komin á þetta samstarf klúbba. Stemmingin var alveg frábær og konurnar duglegar að mæta á Leirukaffi eftir spilamennskuna. Til stóð í lok sumars að vera með lokahóf en vegna heimsfaraldursins reyndist það ekki hægt og bíða konurnar spenntar eftir að gera haldið kvennagleði þegar tækifæri gefst. Ekki er annað hægt en að þakka Kaju okkar fyrir hennar framlag í kvennagölfinu en hún var vakin og sofin yfir þessu verkefni í allt sumar.

Nýliðastarf

Nefndina skipuðu Arnar Ingólfsson, Kristín Þóra Möller og Kristína Elísabet Andrésdóttir.

Öldungaráð

Ráðið skipaði Helga Sveinsdóttir, Óskar Halldórsson og Sigurður Sigurðsson.

Leirukaffi

Stjórn ákvað að klúbburinn myndi reka veitingasöluna og geta þannig betur unnið að því að ná þeim félagsanda sem okkur langaði að fá í klúbbhúsið okkar. Markmiðið var að þjónusta félagsmenn en ekki að reka fullgerðan veitingastað. Við getum ekki annað en verið ánægð með hvernig til tókst. Við stóðum fyrir nafnakeppni og nafnið Leirukaffi varð fyrir valinu. Mig langar að þakka Svandísi Þorsteinsdóttur sem stóð vaktina í allt sumar og sá til þess að allt gengi að óskum. Eins langar mig að færa Axel Jónssyni sérstakar þakkir fyrir hversu þétt hann stóð með okkur, gaf góð ráð og útvegaði það sem vantaði. En síðast en ekki síst vil ég þakka félagsmönnum hversu jákvæðir og duglegir þeir voru að versla við Leirukaffi. Það var mikið líf og fjör í klúbbhúsinu og Leirukaffi í sumar.

Fjárhagsárið

Afkoma félagsins er góð fyrir árið 2020. Þrátt fyrir margar áskoranir á árinu og mikla óvissu skiluðum við um 17 milljóna króna hagnaði. Við getum áætlað að hafa orðið af um þrem milljónum vegna haustmóta sem féllu niður vegna Covid-19 lokunar. Greidd var upp á árinu flatarsláttuvél sem keypt var árið 2019. Stjórn mun leggja fyrir fundinn á eftir samþykki til kaups á brautarvél fyrir tæpar 9 milljónir króna. Einnig er brýnt að klúbburinn eignist að minnsta kosti tvo golfbíla.

Þess má geta að GS hefur enn ekki fengið sérstaka styrki frá sveitarfélögunum vegna covid-19 eins og mörg önnur íþróttafélög hafa fengið.

Að lokum

Stjórn GS vill þakka öllum félagsmönnum og öðrum kylfingum fyrir frábært golfár 2020 á Hólmsvelli, þakka starfsfólki GS, þakka öllum sjálfaboðaliðum, þakka öllum styrktaraðilum, þakka Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ fyrir þeirra stuðning. Við munum halda áfram uppbyggingu á afrekstarfi, barna- og unglingastarfi, taka vel á móti nýliðum og halda áfram að gera aðstöðuna betri. Við munum halda í jákvæðnina og samstöðuna sem er í Golfklúbbi Suðurnesja og síðast en ekki síst stefnum við saman á gott golfár 2021. Framtíðin er björt hjá Golfklúbbi Suðurnesja.